



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: ÍSÍ Fundarherbergi C - 8.12.2015 kl. 17:15

Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB)

Fjarverandi: Einar Gunnlaugsson (EG), Gunnar Bjarnason (GB), Brynjar Gauti Schiöth (BGS), Ari Jóhannsson (AJ), Guðbergur Reynisson (GR)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Ársþing

a. Dagskrá og skjöl

Áfram unnið að dagskrá og undirbúningi. Tengill verður sendur á stjórn.

b. Hvernig verður farið með atkvæðavægi?

Framkvæmdastjóri sendir út yfirlit yfir fjölda fulltrúa eftir báðum leiðum.

2. Aðalfundur FIA

Sagt frá aðalfundi FIA sem haldinn var í París í síðustu viku og lögð fram aðalfundargögn sem dreift var á fundinum.

3. Öryggisnámskeið

Erindi frá FIA NEZ racing commission gegnum racing commission Eistlandi um öryggisnámskeið sérstaklega ætlað fyrir brautarstarfsmenn á hringakstursbrautum. Dagsetning er áætluð í mars/apríl 2016 á auto24ring í Eistlandi.

[Sjá nánar um námskeiðið hér.](#)

FIA NEZ rally commission stefnir að því að halda öryggisnámskeið í ralli í kringum Rally Latvia sem fram fer 5.-7. febrúar 2016. Námskeið þetta er haldið í samvinnu við FIA og FIA ERC.

[Sjá nánar um námskeiðið hér.](#)

4. Samstarf við Írland

Fundað með formanni og framkvæmdastjóra Írska akstursíþróttasambandsins meðan á aðalfundi FIA stóð. AKÍS mun skoða með þeim hvort námskeið/starfskynning á þeirra vegum gætu nýst sambandinu.

5. Global Institute for Motor Sport Safety - GIMSS

FIA mun í samstarfi við AKÍS setja sérstaka nema í torfærubíla í fyrstu keppni næsta árs, til að safna nákvæmum mælingum á þeim átökum sem fylgja þessari grein akstursíþróttu.

6. Reglur 2016: Drift og GoKart



Minnt á að ganga þarf frá þessum reglum fyrir 31.12.2015.

7. VNUK málið

Evrópudómstóllinn kvað upp dóm í tryggingarmáli sem gæti haft áhrif um alla Evrópu á tryggingar í akstursíþróttum. Nánar er hægt að lesa um dóminn hér:

<http://www.weightmans.com/library/newsletters/2015/03/motor-march-2015/the-implications-of-the-vnuk-case/>

8. Erindi frá Braga Þórðarsyni

Stjórn samþykkir að veita umbeðna heimild til upptöku á akstursíþróttum á næsta keppnistímabili. Tilvísun: 2016-TV-1001.

9. Önnur mál